



MINNISBLAÐ

Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Efni: Varðandi tillögu áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um að nemendum verði fækkað í bekkjum grunnskóla þar sem þess er þörf

Á fundi borgarráðs sem haldinn var 11. júní 2020 lagði áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins fram svohljóðandi tillögu:

Fulltrúi Flokks fólksins leggur til að unnið verði markvisst að fækkun nemenda í bekkjum þar sem þess er þörf. Það hefur sýnt sig í rannsóknum að bekkjastærð skiptir miklu máli fyrir flesta nemendur. Nemendur í of stórum bekkjum ná ekki sama námsárangri og aðrir nemendur. Þá hefur bekkjastærð einnig mikil áhrif á kennara. Álagið sem fylgir því að vera með 20-30 börn í „krefjandi“ bekk er slíkt að það stuðlar að kulnun og brottfalli úr starfi. Í tilfellum þar sem ekki er ráðið við að fækka nemendum í bekk þar sem þess er þörf skiptir sköpum að kennari hafi aðstoðarmann. Með slíku fyrirkomulagi er einnig spornað að einhverju leyti við vandamálinu sem fylgir því að börn með dulda námsörðugleika og vanlíðan fari í gegnum skólakerfið án eftirtektar. Þegar rekstur grunnskóla var færður yfir til sveitarfélaganna árið 1996 var ákveðið að veita sveitarfélögum ákveðið svigrúm í að útfæra rekstur þeirra. Allt frá árinu 1996 hafa því ekki verið í gildi reglur um stærð bekkja á vegum Menntamálaráðuneytisins. Það er því hlutverk Reykjavíkurborgar að tryggja að bekkjastærðir séu innan skynsamlegra marka og bitni ekki á velferð nemenda og kennara.

Skólastjórar skipuleggja skólastarfið í sínum skólum í samráði við kennara. Grunnskólar borgarinnar fá úthlutað fjármagni eftir ákveðnum reiknireglum þar sem m.a. er gert ráð fyrir að hægt sé að skipta upp hópum í ákveðnum greinum, s.s. sundi og list- og verkgreinum. Aðstaða til kennslu í greinum eins og heimilisfræði kallar oftast einnig á minni hópastærðir.

Rannsóknir eru ekki á eina lund varðandi fylgni milli bekkja- og hópastærða annars vegar og námsárangurs hins vegar heldur er það kennarinn og starfshættir hans sem skera úr um gæði skólastarfsins þó stórir bekkir geri oft meiri kröfur til bæði nemenda og kennara (<https://kritin.is/2012/05/24/godsognin-um-staerdina/>). Niðurstöður Pisa-kannananna sýna t.d. ekki fylgni milli fjölda nemenda á hvern kennara eða bekkjarstærða og námsárangurs (<https://www.mbl.is/greinasafn/grein/1500892/>). Nemendur í yngri árgöngum virðast græða meira á að vera í fámennari hópum en eldri nemendur (<https://wol.iza.org/uploads/articles/190/pdfs/class-size-does-it-matter-for-student-achievement.pdf>) og sama á við um nemendur sem þurfa á sérstakri aðstoð eða stuðningi að


halda í náminu. Grunnskólakennarar hér á landi virðast telja að stærri bekkir feli í sér meira álag (<https://netla.hi.is/menntakvika2011/014.pdf>) en það sé ekki síst vegna mikillar breiddar í nemendahópnum og að erfiðara sé að sinna þörfum einstakra nemenda (https://skemman.is/bitstream/1946/14347/1/8_solveig1.pdf).

Samkvæmt upplýsingum frá OECD voru að meðaltali 19 – 20 nemendur í hverjum bekk árið 2016, aðeins færri í yngri bekkjum og fleiri á unglingastigi (<https://mrn.is/lisalib/getfile.aspx?itemid=f541dbfa-b5a0-11e8-942c-005056bc4d74>). Í Reykjavík voru árið 2016 að meðalatali 21,1 nemandi í umsjónarhópi/-bekk á hvert stöðugildi umsjónarkennara.

Samkvæmt upplýsingum frá skrifstofu sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs hefur meðalfjöldi nemenda á hvern umsjónarkennara í grunnskólum borgarinnar fjölgað á tímabilinu 2015 – 2019 úr 22,1 nemendur árið 2015 í 22,7 árið 2019 eða um 0,6 nemendur. Á sama tíma hefur fjöldi nemenda á hvern kennara í grunnskólum borgarinnar fjölgað úr 12,0 í 12,2 en meðalfjöldi nemenda á alla starfsmenn grunnskóla fækkað úr 7,1 árið 2015 í 6,6 haustið 2019.

	2015	2016	2017	2018	2019
Meðalfj. nem per umsjónarkennara	22,1	21,1	21,9	22,7	22,7
Meðalfj. nem per kennara	12,0	12,2	11,9	12,1	12,2
Meðalfj. nem per öll stöðugildi*	7,1	6,9	6,7	6,6	6,6

* Þeir fimm skólar sem eru samreknir með leikskólum og frístundaheimilum eru teknir út úr útreikningi þessarar tölu



Það er því margt sem bendir til þess að fjöldi nemenda á hvern kennara í grunnskólum borgarinnar hafi ekki aukist svo neinu nemur en vert að benda á að öðrum starfsmönnum í grunnskólum borgarinnar hefur fjölgað til muna og sem ætti að auðvelda kennurum og öðrum starfsmönnum skólanna að fylgjast með líðan og velferð nemenda og draga úr líkum á að börn með dulda námsörðugleika og vanlíðan fari í gegnum skólakerfið án eftirtektar.